

Framhaldsaðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Framhaldsaðalfundur Hörpu var haldinn mánudaginn 11. september 2017
og hófst kl. 16:00 í Björtuloftum.

Mætt voru:

Guðfinna S. Bjarnadóttir - stjórnarformaður Hörpu
Vilhjálmur Egilsson – stjórnarmaður Hörpu
Kjartan Ö. Ólafsson – stjórnarmaður Hörpu
Arna Schram – stjórnarmaður Hörpu
Sigurður H. Helgason – skrifstofustjóri hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti
Jón Gunnar Vilhelmsson – sérfræðingur hjá fjármála – og efnahagsráðuneyti
Gísli Þór Magnússon - skrifstofustjóri mennta – og menningarmálaráðuneyti
Ásta Magnúsdóttir –ráðuneytisstjóri mennta –og menningarmálaráðuneyti
Stefán Eiríksson - borgarritari
Birgir Björn Sigurjónsson - fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Árni Geir Pálsson
Birna Hafstein
Þórður Sverrisson
Svanhildur Konráðsdóttir - forstjóri Hörpu
Auður Árnadóttir – starfsmaður Hörpu
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu
Elva Dögg Melsteð – starfsmaður Hörpu
Hrannar Hafsteinsson – starfsmaður Hörpu
Sindri Már Hjartarsson – starfsmaður Hörpu
Diljá Ámundardóttir – starfsmaður Hörpu
Thelma Sigurðardóttir – starfsmaður Hörpu
Hulda Kristín Magnúsdóttir – starfsmaður Hörpu

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar, Guðfinna S. Bjarnadóttir setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Kjartan Ö. Ólafsson, varaformaður stjórnar Hörpu tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

2. Könnun á lögmæti fundar

Til fundarins var boðað með tölvupósti þann 25. ágúst og auglýsingu í Fréttablaðinu þann 28. ágúst síðastliðinn. Af hálfu hluthafa mætti Sigurður H. Helgason með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra (54%) og Stefán Eiríksson með umboð frá borgarstjóra (46%). Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2016

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningurinn sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var staðfestur.



- 4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.**
Stjórn lagði til að afkoma ársins yrði flutt yfir á næsta ár og að ekki yrði greiddur arður. Samþykkt.

8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um 5 manna stjórn.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Þórður Sverrisson, formaður
2. Arna Schram
3. Árni Geir Pálsson
4. Birna Hafstein
5. Vilhjálmur Egilsson

9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins, sbr. 6 grein laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt. Tillaga samþykkt.

11. Önnur mál

Þórður Sverrisson kvaddi sér hljóðs, þakkaði það traust sem honum er sýnt með skipan sem formaður stjórnar og kvaðst hann bjartsýnn á framtíð Hörpu.

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl 16:35.



Kjartan Ö. Ólafsson, fundarstjóri



Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari